

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 189/2019

frá 10. júlí 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir reglubundna skýrslugjöf um gjöld sem lánsþjónustufyrirtæki innheimta að því er varðar viðvarandi eftirlit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánsþjónustufyrirtæki gera aðgengileg Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/3 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um birtingarkröfur fyrir samsetta fjármálagerninga ⁽³⁾.
- 4) Framseld reglugerð (ESB) 2015/2 fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2012 ⁽⁴⁾ og framselda reglugerð (ESB) nr. 448/2012 ⁽⁵⁾ sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum.
- 5) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 57.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 2.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 17.

1. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31ebo (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 946/2012):

„31ebp. **32015 R 0001**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir reglubundna skýrslugjöf um gjöld sem lánsþæfismatsfyrirtæki innheimta að því er varðar viðvarandi eftirlit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 1).

31ebq. **32015 R 0002**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánsþæfismatsfyrirtæki gera aðgengileg Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 24).

31ebr. **32015 R 0003**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um birtingarkröfur fyrir samsetta fjármálagerninga (Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 57).“

2. Texti liðar 31ebk (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2012) og 31ebm (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 448/2012) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) nr. 2015/1, (ESB) nr. 2015/2 og (ESB) nr. 2015/3, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2019.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING